

11. nóvember 1980.

929

Nr. 569.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Vopnafjarðargrunni.

1. gr.

Allar veiðar með botn- og flotvörpu eru bannaðar á svæði, sem markast af línnum dregnum milli eftirgreindra punkta:

- a) 66°15'N, 13°22'V
- b) 66°12'N, 12°48'V
- c) 66°23'N, 12°37'V
- d) 66°27'N, 13°12'V.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. nóvember 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.